

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Deiliskipulag Austurbæjar, breyting á deiliskipulagi vegna Miðgerðis.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á 1617. fundi sínum 11. júní 2025 tillögu að breyttu deiliskipulagi Austurbæjar vegna breytinga á skipulagi við Miðgerði.

Markmiðið er að ný byggð myndi samfelld og eðlilegt framhald af aðliggjandi byggð og bjóði upp á eftirsóknarverðar lóðir fyrir íbúðarhúsnæði. Vanda skal sérstaklega til verka við hönnun bygginga á svæðinu þar sem verið er að byggja inn í rótgróið hverfi. Tillagan gerir ráð fyrir tveim lóðum fyrir parhús og sex lóðum fyrir einbýlishús í Miðgerði og lóðum fyrir þrjár raðhúsaeiningar við Helgafellsbraut. Legu götunnar Miðgerði er breytt til að sneiða hjá fornminjum á svæðinu og gatan lengd til vesturs.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 7. ágúst 2025.

Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 21. ágúst 2025